

# Eyja- og Miklaholtshreppur

## 41. fundur skipulags- og byggingarnefndar 8. september 2022 haldinn á Breiðabliki kl. 16:30

Mætt voru:

Sigurbjörg Ottesen, Oddviti, Þröstur Aðalbjarnarson, Atli Sveinn Svansson, Hrefna Birkisdóttir, Kristín Þorleifsdóttir, Skipulagsfulltrúi, Fannar Þór Þorfinnsson, byggingarfulltrúi, og Þuríður Gía Jóhannesdóttir starfsmaður Umhverfis- og skipulagssviðs.

Sveitarstjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkti að formaður nefndarinnar verði Þröstur Aðalbjarnarson og varaformaður Atli Sveinn Svansson. Jafnframt var samþykkt að ritari nefndarinnar verði starfsmaður Umhverfis- og skipulagssviðs.

### 1. Tillaga að erindisbréf nefndarinnar kynnt fyrir fundarmönnum.

*Nefndin skal alla jafna funda fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 16, eftir þörfum og eigi sjaldnar en þriðja hvern mánuð.*

*Nefndin felur formanni að yfirfara erindisbréf í samráði við sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og leggja lokadrög fyrir sveitastjórn til samþykktar.*

### 2. Byggingarheimild fyrir tengivirki við Vegamót

Umsókn frá Landsneti vegna byggingar tengivirkis við Vegamót. Nefndin telur að umrædd framkvæmd falli að nýsamþykktu deiliskipulagi, sem samþykkt var í hreppsnefnd 21. október 2021 og staðfest í B- deild 11. maí 2022.

*Skipulags- og byggingarnefnd gerir fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við umsókn Landsnets vegna byggingar tengivirkis við Vegamót og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarheimild sbr. 2.3.8. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum að öllum skilyrðum uppfylltum og með fyrirvara um staðfestingu hreppsnefndar.*

### 3. Mál umhverfis- og skipulagssviðs

1. Farið yfir helstu verkefni umhverfis- og skipulagssviðs.
  - Deiliskipulag Laugagerðis - er hjá Skipulagsstofnun til yfirferðar
  - Deiliskipulag Stórákrók - er hjá Skipulagsstofnun til yfirferðar
  - Byggingarfulltrúi fór yfir byggingarframkvæmdir í sveitarfélaginu og umsóknir sem liggja fyrir sem teknar verða fyrir á næsta fundi, að því gefnu að öll gögn liggi fyrir.
  - Sviðið er að fara yfir skráningar og byggingarheimildir sem og gáma í sveitarfélaginu.
  - Rætt um mögulegar styrkumsóknir í framkvæmdasjóð ferðamanna. Nefndin felur sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs að leggja fram drög að umsókn vegna styrks til Framkvæmdarsjóðs ferðamannastaða vegna skipulags við Breiðablik með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar.
  - Farið yfir stöðu Laugagerðisskóla. Starfsmaður nefndarinnar fór yfir niðurstöður byggingarverkfræðings frá Verkís sem gerði úttekt á skólanum þann 19. janúar 2021.
  - Skipulagsfulltrúi kynnti verkefnaskjal sem notað hefur verið hjá hinum sveitarfélögum og leggur til að samskonar skjal verði notað undir verkefnalista sveitarfélagsins.

Fundi slitið kl. 18:05